

11. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

Innheimta.

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skuli skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 45. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 289 25. apríl 1983.

Samgönguráðuneytið, 5. júní 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT**um sorphreinsun í Búlandshreppi.**

1. gr.

Sérhver húsráðandi í Búlandshreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun sem hreppsnefnd Búlandshrepps og heilbrigðisnefnd Djúpavogs-umdæmis ákveða.

2. gr.

Sérhver húsráðandi skal notast við sorphreinsun sveitarfélagsins og greiða þau gjöld, sem sveitarstjórn ákveður vegna sorphreinsunarinnar í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið staðfestir.

3. gr.

Sorp, sem sett er í sorppoka má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka er mold, mül, grjót, mykja, byggingasorp (timbur og múrbrot), gras og stórir og þungir hlutir.

4. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana, en svo að auðveldlega megi loka þeim, þegar skipt er um poka. Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum t. d. glerbrotum, áður en þeir eru settir í pokana.

5. gr.

Bannað er að setja eldfim efni, t. d. bensín og olíu í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

6. gr.

Sorphreinsunarmenn mega ekki hirða sorp frá húsum eftir kl 20. Kvörtunum vegna sorphirðu skal komið skriflega til sveitarstjórnar eða heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá til þess, að alltaf sé nóg af pokum, svo þeir yfiryllist ekki milli tæminga. Minnst einn sorpkassi skal vera fyrir hverja íbúð, og einn poki verður afhentur fyrir hvern sorpkassa um leið og sorp er tekið.

8. gr.

Sorppokarnir skulu vera í kössum, sem sveitarstjórn og heilbrigðisnefnd samþykkja. Skulu þeir vera á stöðum, sem aðgengilegir eru fyrir sorphreinsunarmenn á lóð húss þess, sem þeir tilheyra. Hafa skal greiðfæra leið frá sorpgeymslu til lóðamarka. Heimilt er að taka sérstakt gjald, ef aðstaða er slæm til töku sorpsins, sbr. nánar 2. gr. Húseiganda er skylt að hafa sorpgeymslu í góðu ásigkomulagi og endurnýja þær eftir þörfum.

9. gr.

Ef sorp er svo mikið eða í þannig formi að ekki hæfi viðurkenndum sorpílátum skal húseigandi koma því á sorphauga eða senda inn beiðni til sveitarfélagsins þess efnis að það annist hreinsun gegn sérstöku gjaldi.

10. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

11. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum heilbrigðisnefndar Djúpa-vogsumdæmis.

12. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Búlandshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. maí 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.